

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í greinargerð frumvarpsins er áherzla lögð á, að aðalefni þess sé um sameiningu Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Í rauninni er sú breyting aðeins önnur af tveimur meginbreytingum, sem í frumvarpinu felast. Hin breytingin er sú að ákveða Fiskveiðasjóði nýja yfirstjórn, og á hún að verða í höndum Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans.

Ég er samþykkuð því að sameina í einni lánastofnun Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ég er andvígur því að hafa stjórn þeirrar lánastofnunar í höndum viðskiptabankanna og Seðlabankans.

Fiskveiðasjóður Íslands er orðinn allöflug lánastofnun. Hrein eign sjóðsins er talin nema um 600 milljónum króna. Eignir Stofnlánadeildar sjávarútvegsins umfram skuldir eru hins vegar mjög litlar, en deildin ræður þó yfir nokkru fjármagni. Fiskveiðasjóður hefur verið aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins í 60 ár og hefur nú fastar tekjur nokkuð á annað hundrað milljónir króna á ári. Stofnlánadeildin hefur hins vegar enga fasta tekjustofna. Útlán Fiskveiðasjóðs hafa farið vaxandi með hverju ári, og segja má, að starfsemi sjóðsins sé orðin nokkuð fastmótuð. Stofnlánadeildin hefur hins vegar litla starfsemi haft í mörg ár, þó að tvö s. l. ár hafi þar á orðið nokkur breyting. Það sýnist því sjálfsagt, að við sameiningu þessara tveggja stofnlánasjóða sjávarútvegsins verði við það miðað, að sá sjóður, sem eldri er og öflugri og hefur á miklu ákveðnari hátt mótað starfsemi sína í þágu sjávarútvegsins, taki við þeim verkefnum, sem hinni nýju lánastofnun er ætlað að hafa með höndum.

Með sameiningu þessara tveggja lánastofnana sjávarútvegsins hefði ég talið eðlilegast, að Fiskveiðasjóður hefði verið gerður að algerlega sjálfstæðri lánastofnun með sérstakri stjórn og óháður viðskiptabönkunum og Seðlabankanum. Fiskveiðasjóður hefur verið í tengslum við Útvegsbankann, og hafa bankastjórar hans jafnframt verið í stjórn Fiskveiðasjóðs. Starfsemi sjóðsins hefur þó þróast þannig, að forstjóri hans hefur orðið aðalstjórnandi sjóðsins og komið fram fyrir hans hönd eins og bankastjóri fyrir banka.

Allir, sem lánsviðskipti hafa átt við sjóðinn, hafa rekið mál sín fyrir forstjóra sjóðsins og hann síðan séð um afgreiðslu þeirra. Það er skoðun mín, að bezt fari á því, að stofnlánasjóður sjávarútvegsins sé rekinn sem óháð stofnun og án afskipta viðskiptabankanna eða Seðlabankans. Stofnlán eiga að veitast eftir tiltölulega fastmótuðum reglum, enda fyrst og fremst tryggð með veði í þeim eignum, sem lánin eru veitt út á.

Ég tel þá skipan, sem frumv. gerir ráð fyrir, að Seðlabankinn og viðskiptabankarnir skipi stjórn Fiskveiðasjóðs, óeðlilega og óheppilega. Viðskiptabankarnir hafa fyrst og fremst með rekstrarlán að gera, og verkefni Seðlabanka eiga ekki að vera þau að standa í afskiptum af lánastarfsemi til einstakra viðskiptamanna. Stofnlánasjóður sjávarútvegsins, sem starfaði sjálfstætt og án beinna tengsla við viðskiptabankana og Seðlabankann, gæti eftir sem áður haft eðlilegt samstarf við þá banka, þannig að starfsemi sjóðsins yrði í samræmi við heildarstefnu í lánamálum. En að blanda saman að meira eða minna leyti starfi viðskiptabanka og seðlabanka annars vegar og rekstri stofnlánasjóðs hins vegar tel ég óæskilegt.

Ég flyt nokkrar breytingartillögur við frv., sem miða að því að gera Fiskveiðasjóð að óháðri og sjálfstæðri stofnun. Þar á meðal er tillaga um, að stjórn sjóðsins verði skipuð fimm mönnum kosnum af Alþingi og tveimur tilnefndum af samtökum útvegsmanna og samtökum sjómanna.

Fiskveiðasjóður hefur að mestu verið byggður upp af fé, sem innheimt hefur verið af útfluttum sjávarafurðum. Útvegsmenn og sjómenn hafa því lagt til starfsfé sjóðsins og er ætlað að gera það framvegis. Ég tel því sanngjarnt og eðlilegt, að samtök útvegsmanna og sjómanna fái að tilnefna menn í stjórn sjóðsins.

Samkv. frumv. er gert ráð fyrir auknum verkefnum Fiskveiðasjóðs með lánveitingum út á ýmsa starfsemi í þágu sjávarútvegsins, sem sjóðurinn hefur ekki sinnt hingað til. En þó að verkefnin séu aukin, eru tekjur sjóðsins ekki auknar, nema síður sé. Þannig er einn af föstum tekjustofnum sjóðsins, sem lengi hefur verið, felldur niður, en það er fast framlag ríkissjóðs, 2 milljónir króna á ári. Ég geri tillögu um, að framlag þetta til sjóðsins haldi áfram.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Lúðvík Jósefsson.